

Héraðsdómur Austurlands

Dómur 16. júní 2021

Mál nr. S-37/2021:

Lögreglustjórinn á Austurlandi

(*Helgi Jensson aðstoðarsaksóknari*)

gegn

X

(*Páll Kristjánsson lögmaður*)

Mál þetta, sem dómtekið var þann 11. maí 2021, er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Austurlandi, útgefinni 23. febrúar sl., á hendur X, kt. [...], til heimilis að . [...], . [...]:

„fyrir skjalafals, með því að hafa nokkru fyrir laugardaginn 31. júlí 2019, án heimildar og í blekkingarskyni, sent yfirmanni sínum hjá Alcoa Fjarðaáli sf., falsað læknisvottorð til atvinnurekanda v/ fjarvista, en búið var að breyta tímabili óvinnufærni úr 03.06.2019 – 21.06.2019 í 03.06.2019 – 21.08.2019 og vissi ákærði eða mátti vita af breytingunni, sem var gerð í þeim tilgangi að ákærði fengi laun í veikindaleyfi tveimur mánuðum lengur en læknisvottorðið sagði til um að hann ætti rétt á.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. breytingarlög.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Skipaður verjandi ákærða, Páll Kristjánsson lögmaður, krefst þess að ákærði verði sýknaður af refsikröfu ákæruvalds, en til vara að hann verði dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá krefst verjandinn þess að allur sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð, þ.m.t. hæfileg málsvarnarlaun hans að mati réttarins, en einnig ferðakostnaður.

I.

1. Af rannsóknargögnum lögreglu og skýrslum fyrir dómi verður ráðið að helstu atvik máls þessa séu þau að ákærði í máli þessu, X, hafi orðið fyrir slysi við vinnu sína hjá Alcoa Fjarðaáli sf. þann 16. maí 2019. Hjá félaginu hefur þessi atburður verið skráður

sem „atvik“. Samkvæmt fyrirbyggjandi tölvusamskiptum ákærða og yfirmanns hans, vitnisins A, leiðtoga í kerskála, leitaði ákærði á slysdegi til læknis, en einnig 25. sama mánaðar, á nærliggjandi heilsugæslustöðvum í Fjarðabyggð. Þess á milli mun ákærði hafa mætt á nokkrar vaktir, en einnig verið í tíðkanlegu fimm daga vaktahléi.

Samkvæmt gögnum voru ákærði og nefndur yfirmaður hans í netsamskiptum á tímabilinu frá 16. til 28. maí nefnt ár, en í síðustu samskiptum þeirra kemur m.a. fram að ákærði hafi haft hug á því að mæta til vinnu, og þá í ljósi orða læknis á sjúkrahúsinu í Neskaupstað, sem hann virðist þá nýverið hafa leitað til. Óumdeilt er að ekki varð af þessum áformum ákærða, en hann mun í lok nefnds mánaðar hafa farið frá Reyðarfirði, og í framhaldi hafið búsetu á heimili föður síns, á suðvesturhorni landsins.

Samkvæmt frásögn ákærða var hann í samskiptum við starfsmenn Alcoa Fjarðaáls sf. í byrjun júní nefnt ár vegna lýstra forfalla hans frá vinnu og leiddu þau til þess að hann leitaði til læknis á tiltekinni heilsugæslustöð í Kópavogi, þann 3. júní 2019. Af þessu tilefni ritaði vitnið B heimilislæknir vottorð, sem er dagsett 7. júní nefnt ár, en upphafsorð eru þessi: „Læknisvottorð til atvinnurekanda v/fjarvist.“ Í vottorðinu segir m.a. að ákærði hafi verið óvinnufær með öllu vegna vinnuslyss á tímabilinu frá 3. júní til 21. júní 2019. Þá segir í vottorðinu að vegna slyssins hafi ákærði verið með bak- og höfuverk, og að hann hafi af þeim sökum endurtekið þurft að taka verkjalyf. Í niðurlagsorðum vottorðsins er tekið fram að óski trúnaðarlæknir eftir nánari upplýsingum geti hann snúið sér til nefnds læknis. Óumdeilt er að ákærði fékk eintak af nefndu vottorði hjá læknum.

2. Í vottorði ríkisskattstjóra, sem ákærði lagði fyrir dóminn, og er dagsett 10. maí sl., og varðar staðgreiðslu hans fyrir tekjuáíð 2019, kemur m.a. fram að ákærði hafi verið með fullar launatekjur hjá Alcoa Fjarðaáli sf. fyrri hluta ársins, en að eftir það hafi laun hans lækkað um helming, þ.e. fyrir júlímánuð, og síðan hafi laun hans lækkað enn frekar í ágúst mánuði.

3. Samkvæmt rafrænum gögnum, sem m.a. var aflað við meðferð málsins fyrir dómi, voru ákærði og fyrrnefndur yfirmaður hans hjá Alcoa Fjarðaáli sf., vitnið A, í netsamskiptum í lok júlí og í byrjun ágúst 2019. Óumdeilt er að tilefni samskiptanna voru fyrirspurnir og athugasemdir ákærða vegna sílækkandi launa hans, sbr. lið 2 hér að framan. Verður ráðið að nefnt vitni hafi af þessu tilefni innt ákærða eftir læknisvottorði

vegna fjarvista hans frá vinnu, og að ákærði hafi þá sent því svohljóðandi skilaboð: „Er með vottorð til 21.08. Þarf að leiðrétta útborgun.“

Samkvæmt gögnum Alcoa Fjarðaáls sf. sendi ákærði félaginu, þann 6. ágúst 2019, á Teams-samskiptavef félagsins, mynd af fyrrnefndu læknisvottorði B. Verður ráðið af gögnum að efasemdir hafi strax komið fram um hinn áritaða lokagildistíma vottorðsins, þ.e. 28. ágúst 2019. Liggur fyrir að hið myndsenda vottorð hafi af þessum sökum verið komið til mannauðsteymis Alcoa Fjarðaáls sf., og að vitnið A hafi óskað eftir því við ákærða að hann sendi afrit af vottorðinu í bréfaþósti. Samkvæmt gögnum svaraði ákærði vitninu í Teams-samskiptum þeirra á þá leið að hann ætlaði að verða við beiðninni, en að hann myndi einnig senda önnur gögn ef þörf væri á. Óumdeilt er að ákærði sendi aldrei þessi gögn í bréfaþósti.

4. Við meðferð málsins fyrir dómi hefur ákærði borið að hin rafrænu samskipti hans hafi í raun verið mun meiri en þau gögn sem Alcoa Fjarðaál sf. afhenti lögreglu við rannsókn málsins, sbr. það sem hér að framan hefur að nokkru verið rakið. Í því sambandi hefur ákærði helst vísað til netsamskipta í júní og júlí 2019. Af þessu tilefni skoraði skipaður verjandi ákærða á Alcoa Fjarðaál sf. að leggja fram öll hin rafrænu gögn sem vörðuðu samskipti ákærða við starfsmenn félagsins á nefndu tímabili. Af hálfu dómsins var við meðferð málsins að þessu leyti tekið undir með ákærða, sbr. heimildarákvæði 110. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Af hálfu Alcoa Fjarðaáls sf. voru af ofangreindu tilefni lögð fyrir dóminn hin rafrænu samskipti sem hér að framan hafa að nokkru verið rakin, þ.e. frá maí og ágúst 2019, sbr. dskj. nr. 9. Var um að ræða nokkra viðbót við það sem áður hafði verið lagt fram við lögreglurannsókn málsins. Í því samhengi var hins vegar fullyrt að þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefði starfsmönnum félagsins ekki tekist að ná sambandi við ákærða nefnda mánuði og af þeim sökum hefðu þeir m.a. haft símasamband við foreldra hans. Þess var og getið að eitthvað hefði skort á að tekist hefði að afla gagna um nefnd samskipti, þ.e. þeirra sem vörðuðu samskipti ákærða og yfirmanns hans, vitnisins A, og þá frá 31. júlí og 6. ágúst nefnt ár, en þar um var helst vísað til ómöguleika, enda hefðu þau að líkindum eyðst í tölvukerfum.

5. Af gögnum verður ráðið að þann 28. ágúst, en einnig þann 25. september 2019, hafi heilbrigðisstarfsmaður á vegum Alcoa Fjarðaáls sf., og þá í kjölfar fyrrgreindra

atburða, óskað eftir afriti af hinu „upprunalega vottorði“ B læknis, dagsettu 7. júní 2019. Gekk þetta eftir, en í framhaldi af því rataði vottorðið í málgögn lögreglu.

6. Samkvæmt gögnum var ákærða með rökstuddu bréfi forstjóra Alcoa Fjarðaáls sf., dagsettu 3. september 2019, sagt upp störfum. Í uppsagnarbréfinu er einkum vísað til óleyfilegra fjarvista ákærða, en einnig er það tiltekið að hann hafi framvísað til félagsins fyrrgreindu læknisvottorði, sem hafi augljóslega verið falsað, og að hann hefði með nefndri háttsemi brotið alvarlega gegn gildandi ráðningarsamningi.

7. Með erindi lögmanns Alcoa Fjarðaáls sf., dagsettu 10. nóvember 2019, til lögreglustjórans á Austurlandi, bar félagið fram kæru á hendur ákærða, X, fyrir „skjalafals og önnur brot, er varða sönnunargögn skv. XVII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þá sérstaklega 155. gr.“ Erindið er rökstutt, en m.a. er vísað til fyrrgreindra gagna, uppsagnarbréfs og læknisvottorðs. Þá er tiltekið að grunsemdir hafi vaknað um að tiltekinni dagsetningu í hinu síðastgreinda skjali hafi verið breytt á þann veg að tímabil óvinnufærni hafi verið lengt um tvo mánuði, þ.e. til 21. ágúst, en í upprunavottorði hefði tímabilið verið tiltekið til 21. júní 2019. Tekið er fram að með þessum hætti hefði ákærði getað krafist félagið um greiðslur til lengri tíma en hann hefði átt rétt til.

Í síðari erindum lögmanns Alcoa Fjarðaáls sf. til lögreglu er áréttað að ákærði hafi framvísað fyrrnefndu læknisvottorði til yfirmanns félagsins, vitnisins A, þann 31. júlí 2019, með rafrænum hætti í gegnum samskiptaforritið Microsoft Teams. Þá er fullyrt að félagið hafi fyrir þessa sendingu ákærða ekki fengið sambærilegt vottorð og þ. á m. ekki með rafrænum hætti frá þeim lækni sem hafði skoðað ákærða á heilsgæslustöð þann 7. júní 2019. Loks er fullyrt að ákærði hafi aldrei verið í eiginlegum samskiptum við yfirmenn sína um efni nefnds vottorðs, og þá hvorki fyrir eða eftir að hann sendi það frá sér.

8. Ákærði var fyrst yfirheyrður af lögreglu um lýst sakarefni, þann 18. september 2020, að viðstöddum tilnefndum verjanda sínum. Skýrsla ákærða var tekin upp í hljóði og mynd um netið, vegna Covid-19 ástands, og er viðeigandi diskur á meðal gagna. Við yfirheyrsluna neitaði ákærði kæruefninu, en lýsti atvikum máls að nokkru með líkum hætti og hér að framan hefur verið rakið. Ákærði staðfesti þannig að hann hefði farið í

læknisskoðun á heilsugæslustöð í Kópavogi, og að hann hefði að lokinni skoðuninni fengið tíðkanlegt afrit af læknisvottorði í hendur. Ákærði staðhæfði að viðkomandi læknir hefði sent vottorðið til vinnuveitanda hans, Alcoa Fjarðaáls sf.

Við lögregluyfirheyrsluna greindi ákærði frá því að sumarið 2019 hefði hann neytt fíkniefna, en þá jafnframt haldið til á heimili föður síns. Ákærði staðhæfði að margnefnt læknisvottorð hefði legið á borði á heimilinu, en að hann hafi eigi gætt sérstaklega að efni þess, en þó ætlað að gildistími þess hefði verið til 21. ágúst nefnt ár. Af þeim sökum hefði hann og tiltekið þá dagsetningu í samskiptum sínum við yfirmenn sína hjá Alcoa Fjarðaáli sf., og þá um það leyti sem hann sendi þeim mynd af vottorðinu. Ákærði sagði að tilefni þessara samskipta hefðu verið kvartanir hans vegna áðurgreindra launalækkana. Nánar aðspurður af yfirheyranda og eftir að ákærða hafði verið sýnt afrit af læknisvottorði, sem kærandinn, Alcoa Fjarðaál sf., hafði afhent lögreglu, en hafði fengið sent frá ákærða þann 31. júlí 2019, en þá með fyrrgreindum breytingum, sagði ákærði: „Eins og sést þarna, þá var búið að krotta á ýmsa staði á þessu, þannig að ég var nú ekkert að velta því eitthvað fyrir mér, að eitthvað eitt væri rangt frekar en annað þarna.“ Aðspurður neitaði ákærði því að hann hefði breytt efni vottorðsins, en fullyrti jafnframt að hann hefði ekki vitneskju um hver hefði gert það.

9. Af hálfu skipaðs verjanda ákærða var við meðferð málsins fyrir dómi lagt fram vottorð frá Meðferðarheimilinu Krýsuvík. Í vottorðinu segir m.a. frá því að ákærði hafi komið til meðferðar vegna vímuefnavanda, þann 4. desember 2019, en þá eftir að hafa verið til meðferðar á Vogu og í Vík. Ágreiningslaust er að ákærði hafði fyrst þegið aðstoð vegna vanda síns þann 17. október nefnt ár.

Í hinu fyrstnefnda vottorði segir frá því að meðferð ákærða hafi gengið mjög vel og að hann hafi útskrifast þann 24. júní 2020.

II.

1. Fyrir dómi neitaði ákærði refsiverðri sök. Ákærði játaði á hinn bóginn að hann hefði sent það læknisvottorð, sem lýst er í ákæru, til yfirmanns síns hjá Alcoa Fjarðaáli sf., og þá með samskiptaforritinu Microsoft Teams. Ákærði vísaði til þess að vinnuveitandi hans hefði tíðkað það á árinu 2019 að eiga samskipti við starfsmenn félagsins með nefndu forriti.

Nánar aðspurður kvaðst ákærði ekki vefengja að þegar hann sendi frá sér umrætt læknisvottorð með lýstum hætti hefði verið búið að breyta lokadegi óvinnufærni hans. Að þessu leyti staðfesti ákærði hina fyrri frásögn hjá lögreglu, en hann neitaði því að breytingin hefði verið gerð fyrir hans tilverknað eða að hann hefði á verknaðarstundu haft eiginlega vitneskju um hana.

Ákærði lýsti aðdraganda nefnds verknaðar og áréttaði m.a. að þar hefði fyrrnefnt slys, sem hann hafði orðið fyrir á vinnusvæði Alcoa Fjarðaáls sf., þann 16. maí 2019 verið ráðandi þáttur. Ákærði upplýsti jafnframt að hann hefði höfðað dómsmál gegn vinnuveitandanum, og þá um viðurkenningu og ábyrgð á slysinu.

Ákærði vísaði til þess að hann hefði strax á slysdegi leitað til heilsugæslustöðvar í Fjarðabyggð, en einnig dagana þar á eftir og bar að í öllum tilvikum hefði hann fengið læknisvottorð um tímabundna óvinnufærni. Ákærði staðhæfði að vottorðin hefðu ávallt verið send af læknum beint til Alcoa Fjarðaáls sf., en af þeim sökum hefði vinnuveitanda hans verið kunnugt um afleiðingar vinnuslyssins.

Ákærði lýsti að öðru leyti atvikum máls með líku sniði og hér að framan hefur verið rakið, þ. á m. varðandi takmarkaða getu hans til áframhaldandi vinnu, en einnig um brottflutninginn á suðvesturhornið, sem hann fullyrti að hefði verið með vitund starfsmanna Alcoa Fjarðaáls sf. Ákærði sagði að hann hefði af þessu tilefni gengist undir það skilyrði að fara til trúnaðarlæknis vinnuveitandans á höfuðborgarsvæðinu.

Ákærði skýrði frá því að eftir að hann kom á höfuðborgarsvæðið hefði hann misst nokkur tök á lífi sínu og farið í óreglu. Engu að síður hefði hann staðið við fyrrnefnt skilyrði og því farið í lækni skoðun á heilsugæslustöð í byrjun júnímánaðar nefnt ár. Ákærði kvaðst ekki hafa gert ráð fyrir öðru, og þá vegna áðurgreindra samskipta vinnuveitanda hans við lækna á Austurlandi, en að hið sama myndi gilda varðandi þann lækni, B, sem hann hefði verið sendur til. Ákærði staðfesti aftur á móti að eftir lækni skoðun nefnds lækni hefði hann fengið í hendur afrit af læknisvottorði, og bar að þar hefði verið um að ræða það skjal sem hann hefði síðar myndsent til Alcoa Fjarðaáls sf., í Team-hugbúnaði, sbr. sakarefni ákæru. Var það ætlan ákærða að þetta hefði hann gert í ágúst mánuði 2019, og þá eftir að yfirmaður hans hjá Alcoa Fjarðaáli sf. hafði farið fram á það.

Ákærði skýrði frá því að hann hefði í tæpa tvo mánuði eftir umrædda lækni skoðun B ekki hugleitt efni vottorðs hans, enda ætlað að beiðni vinnuveitandans

um þá skoðun hefði aðeins verið gerð í því skyni að afla frekari staðfestingar á óvinnufærni hans, á lengd forfallatímabils, en þá vegna fyrrnefnds vinnuslyss.

Aðspurður um efni greinds læknisvottorðs skýrði ákærði frá því að hann hefði gætt að því og þar á meðal varðandi dagsetningar. Ákærði kvaðst þannig hafa séð að vottorðið hefði hljóðað um 18 daga óvinnufærni hans, og þá frá 3. júní nefnt ár, en sagði nánar þar um: „Að sjálfsgöðu horfði ég á vottorðið á einhverjum tímapunkti. Málið er það bara að ég þæli síðan ekkert meira í því, vegna þess að ég geri á þessum tímapunkt einfaldlega ráð fyrir því að ég og Alcoa, ... við vorum búin að vera í samskiptum á þessum tíma ... og ég stend alltaf í þeirri trú að öll samskipti milli læknis og fyrirtækisins fari fram þeirra á milli, að ég sé ekki einhver milligöngumaður í því, eins og verið hafði fram að þessu.“

Fyrir dómi greindi ákærði frá því að nokkur aðdragandi hefði verið að því að hann myndsendi umrætt læknisvottorð til Alcoa Fjarðaáls sf. Vísaði ákærði til þess að atvik hefðu verið með þeim hætti að hann hefði verið á heimili föður síns, og bar að umrætt sumar hefði hann verið í miklum samskiptum við vin sinn, vitnið C. Ákærði sagði nánar að þegar atvik gerðust hefði verið gleðskapur á heimilinu og bar að við þær aðstæður hefðu þeir vinirnir tekið upp á því að veðja um knattspyrnuleiki, og sagði: „Og við erum með eitthvað blað sem við erum með fyrir framan okkur til þess að krotta á einhverjar upplýsingar og eitthvað. Síðan er ég ekkert meira á þæla í þessu, en m.a. læt ég hann (C) fá þetta vottorð og hann spyr mig á einhverjum tímapunkti, og þá er hann búinn að vera að krotta í það ... og hann segir; „Æ, er þetta eitthvað sem skiptir máli.“ Og ég segi strax við hann; „Nei, þetta er allt í lagi, Alcoa er með þetta vottorð. Þetta er allt í góðu.“ Ákærði kvaðst á nefndri stundu ekki hafa séð C breyta dagsetningum á læknisvottorðinu. Ákærði kvaðst ekki hafa gert lögreglu grein fyrir lýstri gjörð vinar síns við lögreglurannsókn málsins þar sem hann hefði ekki verið sérstaklega inntur eftir því, en jafnframt ekki haft vilja til þess að blanda vininum í málið að óþörfu.

Ákærði staðhæfði að eftir greint krot vinar síns hefði hann ekkert hugsað um þá gjörð, og sagði að vottorðið hefði í raun legið á glámbekk á heimilinu umrætt sumar, en sagði einnig þar um: „... en þarna er sem sagt orðin dagsetningin 21.08, en ég þæli einfaldlega ekkert meira í því, því að fyrir mér er þetta ekkert, ég veit að C var ekki að reyna að koma mér í vandræði. Og ég var ekki að biðja C að breyta einhverri dagsetningu.“

Ákærði skýrði frá því að á nefndu tímabili hefði hann verið með þá hugsun að það væri í raun á ábyrgð Alcoa Fjarðaáls sf., vinnuveitanda hans, og þá vegna margnefnds slyss, að hafa samband við hann, líkt og starfsmenn félagsins hefðu reyndar gert þegar þeir hefðu pantað fyrir hann viðtal hjá umræddum lækni. Ákærði áréttaði í þessu samhengi orð sín um óreglu, og bar að í raun hefðu samskipti hans við starfsmenn Alcoa Fjarðaáls sf. verið lítil. Nánar aðspurður staðfesti ákærði að fyrrnefndur yfirmaður hans, vitnið A, hefði hringt í móður hans í lok júnímánaðar, en staðhæfði að það hefði einkum komið til af því að vitnið hefði verið að grennslast fyrir um hvenær hann ætlaði að mæta aftur til vinnu.

Ákærði sagði að þegar hér hafi verið komið sögu hefði hann verið „... með þetta útkrotaða vottorð fyrir framan sig, sem segir 21.08, og ég er einfaldlega ekkert að þæla frekar í því.“ Ákærði kvaðst á þeirri stundu í raun ekki hafa gert sér grein fyrir þeirri breytingu sem gerð hafði verið á dagsetningu vottorðsins, en kannaðist við að hann hefði í rafrænum samskiptum við vitnið A upplýst um að hann væri með læknisvottorð þar sem óvinnufærni hans hefði verið skráð til 21.08. Að þessu leyti staðfesti ákærði áðurrakin gögn, en hann kvaðst og hafa haft frumkvæðið að þessum samskiptum.

Fyrir dómi áréttaði ákærði hin fyrri orð sín hjá lögreglu, og þá um að verulega hefði vantað upp á þau rafrænu samskipti sem hann hefði átt við starfsmenn Alcoa Fjarðaáls sf., og þá umfram þau gögn sem félagið hefði á síðari stigum lagt fram hjá lögreglu. Ákærði kvaðst ekki hafa haft tök á því að leggja þessi gögn fram sjálfur, enda hefði Alcoa Fjarðaál sf. útilokað hann frá notkun á fyrrnefndum hugbúnaði. Ákærði staðhæfði að í þeim samskiptum sem ekki hefðu verið lögð fram hefði verið frekari orðræða hans við vitnið A, og þá um fjarveru hans frá vinnu, en einnig um fyrrgreinda launalækkun. Að auki kvaðst hann í þessum samskiptum hafa látið orð falla um að tímabil óvinnufærni hans væri til 21. ágúst, sbr. þau netskilaboð sem hann hefði sent, sbr. dskj. nr. 9. Loks kvaðst hann í samskiptum þeirra hafa látið orð falla um að hann hefði um það vitneskju að margnefnt vottorð, sem hann hefði þá haft í fórum sínum, hefði í raun verið með sama efni og vinnuveitandi hans hefði þá þegar fengið sent frá heimilislækninum B. Ákærði sagði að hann hefði ætíð staðið í þeirri trú að svo hefði verið, enda þótt hann hefði haft vitneskju um að nefndur læknir hefði í raun ekki verið trúnaðarlæknir Alcoa Fjarðaáls sf. Þessu til viðbótar vísaði ákærði til þess að hann hefði verið með full laun fyrir júlímánuð, en af þeim sökum hafi hann ályktað að

vinnuveitandinn hefði í raun verið með upplýsingar skráðar og tiltækar um óvinnufærni hans á nefndu tímabili.

Ákærði lýsti því að í ljósi ofangreinds vefengdi hann ekki að þegar hann myndsendi umrætt læknisvottorð til vinnuveitandans Alcoa Fjarðaáls sf. hefði verið búið að breyta fyrrnefndri dagsetningu um lokadag óvinnufærni hans. Þá staðfesti ákærði að hann hefði sent vottorðið með rafrænum hætti í kjölfar lýstra samskipta við vitnið A, en hann ætlaði helst að það hefði gerst nærri 20. ágúst nefnt ár.

Ákærði sagði að áður en hann sendi vottorðið með lýstum hætti hefði hann litið á efni þess, en þá haft öll ofangreind atriði í huga. Að því leyti lýsti hann eigin hugrenningum á verknaðarstundu þannig: „Ég er ennþá stórslasaður eftir þetta slys og þegar ég horfi á þetta, þá hugsa ég bara, já, já, það getur vel verið að hann (læknirinn) hafi skrifað fyrir mig sko tvo mánuði. Það er engin þæling að baki hjá mér að reyna að lengja þetta veikindaleyfi ... það var engin skipulögð fölsun hjá mér og vini mínum ... eða að reyna að blekkja Alcoa.“

Fyrir dómi kannaðist ákærði ekki við fullyrðingar starfsmanna Alcoa Fjarðaáls sf., þess efnis að þeim hefði ekki verið unnt að ná sambandi við hann í júní og júlímánuði 2019.

2. Vitnið C staðfesti frásögn ákærða varðandi venskap þeirra til margra ára, og jafnframt að þeir hefðu haft mikil samskipti sumarið 2019, m.a. á heimili föður ákærða, og þá eftir að ákærði hafði flust þangað eftir vinnuslysið í Alcoa Fjarðaáli sf. Vitnið lýsti atvikum máls að öðru leyti með líkum hætti og ákærði hér að framan og þar á meðal að þeir vinirnir hefðu í júnímánuði nefnt ár verið að velta vöngum yfir knattspyrnuleikjum og að það hefði þá „krotað á einhver blöð þarna á meðan, einhverjar upplýsingar um veðmál ... og svo allt í einu tek ég eftir því að ég er að krota á eitthvað blað þar sem stendur eitthvað X, og ég spyr hann hvort að ég megi krota á þetta, og hann skoðar þetta og segir já, þetta er bara afrit af einhverju veikindavottorði.“ Vitnið treysti sér ekki til að segja til um með nákvæmni hvað það var sem það krotaði á vottorðið, enda langt um liðið. Nánar aðspurt var það ætlan vitnisins að krot hans hefði ekki varðað eiginlega breytingu á vottorðinu, frekar hefði það ritað ofan í stafi, en eftir atvikum einnig gert breytingu á tilteknum tölustaf. Vitnið kvaðst fyrst á árinu 2021 hafa heyrt um að umrætt krot þess hefði tengst kæru, sem ákærði hefði verið viðriðinn.

3. Vitnið A, leiðtogi hjá Alcoa Fjarðaáli sf., skýrði frá því að þegar atvik máls þessa gerðust á árinu 2019 hefði ákærði um nokkurra missera skeið verið undirmaður þess í kerskála. Vitnið staðfesti að ákærði hefði þá um vorið orðið fyrir slysi í kerskalanum, en bar að þrátt fyrir það hefði hann mætt til vinnu á næstu vakt. Og af þeim sökum hefði slysið verið skráð sem atvik eða atburður. Vitnið kvað sér hafa verið kunnugt um að vegna slyssins hefði ákærði leitað til lækna og staðfesti að það hefði fengið í hendur læknisvottorð um tímabundna fjarvist ákærða. Var það ætlan vitnisins að það hefði fengið þessi vottorð frá ákærða eða frá einhverjum honum tengdum. Og vegna þessa kvaðst vitnið hafa skráð fjarveru ákærða frá vinnu sem veikindaforföll, en í framhaldi af því skilað vottorðunum til mannauðsteymis Alcoa Fjarðaáls sf.

Vitnið greindi frá því að í kjölfar framangreindrar atburðarásar hefði ákærði hætt að mæta til vinnu. Vitnið kvaðst ekki minnst dagsetninga að þessu leyti með nákvæmni, en ætlaði að það hefði verið í júnímánuði sem það hefði í raun ekkert heyrt frá ákærða. Vitnið kvaðst af þessum sökum hafa reynt að hafa samband við ákærða, en án árangurs. Það var og ætlan vitnisins að þegar þetta gerðist hefði ákærði verið skráður í sumarorlofi, þ.e. í júlímánuði. Og þegar hér hafi verið komið sögu kvaðst vitnið hafa leitað ráða hjá mannauðsstjóra Alcoa Fjarðaáls sf., en í kjölfarið haft símasamband við móður ákærða. Vitnið sagði að þetta síðastgreinda viðbragð hefði leitt til þess að ákærði hefði svarað rafrænum skilaboðum þess, þ.e. á Messenger og Teams, sbr. að því leyti gögn lögreglu, sbr. dskj. 9, bls. 1-12, og 13-17, sem það staðfesti. Vitnið staðhæfði að í þessum samskiptum hefði ákærði haft á orði að hann ætlaði að senda læknisvottorð, en einnig kvittanir vegna sjúkráþjálfunar o.fl., ef þörf væri á, og þá vegna fyrrgreinds slyss eða atviks og fjarveru frá vinnu. Vitnið kvaðst hafa tekið þessum áformum vel, og í því sambandi nefnt að með þessum hætti gæti ákærði fengið endurgreiddan útlagðan kostnað sinn. Vitnið sagði að þetta hefði að nokkru gengið eftir og bar að ákærði hefði þannig sent því í gegnum samskiptaforritið Teams mynd af læknisvottorði. Vitnið sagði að þessi sending hefði verið í samræmi við stök skilaboð ákærða. Vísaði vitnið þar um til þess að ákærði hefði einmitt fullyrt að hann hefði undir höndum vottorð sem gilti til 21.08. Að þessu leyti áréttaði og staðfesti vitnið efni framlagðra gagna, sbr. dskj. nr. 9. Vitnið sagði að við nánari athugun á hinni rafrænu myndsendingu hefði það veitt því eftirtekt að ritað hafði verið ofan í prentaða stafi vottorðsins. Vegna þessa kvaðst það hafa farið með vottorðið til mannauðsteymis félagsins, og bar að þar hefði verið kveðið upp úr með að það væri ekki fullgilt. Vitnið kvaðst ekki vita til þess að starfsmenn Alcoa Fjarðaáls sf.

hefðu áður en þetta gerðist verið búnir að fá í hendur umrætt vottorð, og þá ekki beint frá lækni, enda hefði slíkt vinnulag ekki tíðkast hjá félaginu. Vitnið kvaðst hafa haft fregnir af því síðar að starfsmenn félagsins hefðu óskað eftir afriti af upprunavottorðinu frá þeim lækni sem hafði gefið það út. Vitnið kvaðst að öðru leyti ekki hafa komið að málefnum ákærða með beinum hætti, en heyrt af því að hann ætti í ágreiningi við Alcoa Fjarðaál sf., og þá vegna fyrrgreinds atviks eða vinnuslyss.

Vitnið kvaðst á síðari stigum hafa framsent öll hin rafrænu samskipti sem það hafði átt við ákærða, þ.e. í maí og ágúst 2019, til mannauðsstjóra Alcoa Fjarðaáls sf., sbr. kafla I, liði 1, 3 og 4, hér að framan. Vitnið staðfesti efni nefndra gagna, en sagði að í afrit dagsettu 30. ágúst virtist vanta upphaf þeirra samskipta sem þá áttu sér stað, en það var og ætlan þess að þau hefðu eyðst út hjá Microsoft. Vitnið staðhæfði að ekki hefði verið um önnur rafræn samskipti að ræða.

4. Vitnið B, heimilislæknir, staðfesti efni áðurrakins læknisvottorðs, dagsetts 7. júní 2019, og þar á meðal að það hefði skráð óvinnufærnistímabil ákærða frá 3. júní til 21. júní nefnt ár. Vitnið kvaðst aðeins hafa hitt ákærða í eitt skipti, þ.e. á útgáfudegi vottorðsins. Vitnið sagði frá því að ákærði hefði í nefndu viðtali skýrt frá því að hann hefði orðið fyrir slysi þremur vikum fyrr í álverksmiðju. Vitnið kvaðst hafa fengið frásögn ákærða staðfesta hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands og þá m.a. þannig að slysið hefði orðið þann 16. maí, en jafnframt að ákærði hefði tvívegis frá þeim tíma og til 29. sama mánaðar fengið útgefin læknisvottorð. Í ljósi þess og eigin skoðunar kvaðst vitnið hafa gefið út nefnt vottorð fyrir fyrrnefnt tímabil. Vitnið kvaðst ekki hafa gefið ákærða frekari fyrirmæli um læknisúrræði eða lyf, en aftur á móti síðar fengið fyrirspurn frá lögreglu um málefni hans. Vitnið staðfesti að því leyti viðeigandi gögn, sbr. framlögð rannsóknarskjöl lögreglu.

5. Vitnið D, hjúkrunarfræðingur hjá Alcoa Fjarðaáli sf., skýrði frá því að það hefði hafið störf hjá mannauðsdeild félagsins í lok maí 2019, og að um það leyti hefði það heyrt af því að samstarfsmenn þess hefðu verið að reyna að hafa samband við ákærða, þar sem hann hafði þá ekki mætt um tíma til vinnu. Vitnið kvaðst þannig aldrei hafa hitt ákærða á vinnustaðnum, en ætlaði að þegar þetta gerðist hefði hann verið búinn að skila „einhverjum óvinnufærnisvottorðum.“ Vitnið sagði að þegar slík vottorð bærust ekki frá

starfsmanni bæri leiðtogum í kerskála að skrá óleyfilega fjarvist hjá viðkomandi. Vitnið bar að vegna þessa hefði það reynt að hringja í ákærða, en án árangurs.

Vitnið skýrði frá því að eftir ofangreinda atburðarás hefði vitnið A afhent því myndsent læknisvottorð, sem hefði varðað framlengingu á veikindaleyfi ákærða. Vitnið staðhæfði að þegar þetta gerðist hefði Alcoa Fjarðaál sf. ekki verið með sambærilegt vottorð undir höndum. Vísaði vitnið til þess að það vinnulag hefði verið tíðkað hjá félaginu að starfsmönnum bæri að skila eigin vottorðum, enda væri þeirra ekki aflað beint af félaginu eða trúnaðarlækni þess.

Vitnið sagði að við athugun á því vottorði sem A hafði komið með frá ákærða hefði það veitt því eftirtekt að krotað hafði verið með svörtum penna ofan í a.m.k. nokkra stafi þess, og þá m.a. í dagsetningar, en að því leyti hefði það verið óvenjulegt. Vitnið kvaðst og hafa virst sem forfallatíminn hefði verið alllangur miðað við það sem almennt tíðkaðist. Vegna þessa hefði það haft samband við nafngreindan trúnaðarlækni Alcoa Fjarðaáls sf., en með því móti hefði það fengið í hendur upprunavottorðið. Og þegar það hefði borist hefði það séð að misræmi var á dagsetningum.

6. Vitnið E, sérfræðingur í mannauðsteymi Alcoa Fjarðaáls sf., kvaðst hafa komið að máli ákærða þegar fyrirnefnt læknisvottorð, dagsett 7. júní 2019, kom inn á borð teymisins og þá frá heilsugæslu félagsins. Vitnið sagði að viðbrögð þess hefðu verið að óska eftir liðsinni trúnaðarlækni, þann 6. ágúst, og þá í þeim tilgangi að kallað yrði eftir upprunavottorði þess læknis sem hafði gefið skjalið út. Vitnið sagði að upprunavottorðið hefði borist þann 28. ágúst nefnt ár, og bar að þá hefði komið í ljós augljós breyting á dagsetningu. Vitnið sagði að í kjölfar þessa hefði verið ákveðið rifta ráðningarsamningi við ákærða.

Vitnið greindi frá því að fyrir ofangreinda atburðarás hefði það haft fregnir af því frá vitninu A, að ákærði hefði orðið fyrir slysi í maí 2019. Vitnið staðhæfði að í bókum Alcoa Fjarðaáls sf. hefði atburður þessi verið skráður sem „atvik“ en staðfesti jafnframt að ákærði hefði á þessu tímabili skilað 2-3 læknisvottorðum. Vitnið sagði að eftir þetta hefði yfirmaður ákærða, vitnið A, árangurslaust reynt að ná sambandi við ákærða.

Vitnið staðhæfði að þrátt fyrir að ákærði hefði ekki skilað læknisvottorðum fyrir júní og júlí nefnt ár hefði hann fengið greidd laun. Var það ætlan vitnisins að þar hefði ráðið greiðasemi tiltekins yfirmanns. Vitnið sagði að á síðari stigum hefði lögregla óskað eftir öllum rafrænum samskiptum sem ákærði hefði átt við yfirmann sinn, vitnið A, og

þá vegna þessa tiltekna máls. Vitnið staðhæfði að þeim fyrirmælum hefði verið hlýtt, a.m.k. líkt og hægt hefði verið.

7 Vitnið F, sem er faðir ákærða, staðfesti að ákærði hefði dvalið á heimili þess sumarið 2019, en minntist þess ekki að hafa séð læknisvottorð sem tengdist ákærða. Vitnið staðfesti einnig að vinur ákærða, vitnið C, hefði á stundum dvalið á heimili þess.

8. Vitnið G, rannsóknarlögreglumaður nr. . [...], staðfesti fyrir dómi rannsóknargögn lögreglu, en eigi þykir þörf á að rekja frásögn þess að öðru leyti en því að það upplýsti að lögreglurannsókn málsins hefði tafist nokkuð vegna áður nefndrar langtímameðferðar ákærða.

9. Vitnið H lögmaður staðfesti efni fyrrnefndrar kæru Alcoa Fjarðaáls sf., en einnig þau viðbótargögn sem tengdust kærinni. Ekki þykir ástæða til að rekja frásögn vitnisins þar um.

III.

1. Í máli þessu er ákærða gefið að sök skjalfals, með því að hafa í lok júlí 2019, án heimildar og í blekkingarskyni, sent yfirmanni sínum hjá Alcoa Fjarðaáli sf. falsað læknisvottorð til atvinnurekanda v/fjarvista, og þegar það gerðist hafi verið búið að breyta tímabili óvinnufærni hans úr 03.06.2019 – 21.06.2019 í 03.06.2019 – 21.08.2019. Í ákæru er vísað til þess að ákærði hafi á verknaðarstundu vitað eða hafi mátt vita af breytingunni, og að hún hefði verið gerð í þeim tilgangi að ákærði fengi laun í veikindaleyfi tveimur mánuðum lengur en læknisvottorðið sagði til um að hann ætti rétt á.

Brot ákærða samkvæmt ákæru er talið varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. breytingarlög. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Hver, sem notar falsað skjal til þess að blekkja með því í lögskiptum, skal sæta fangelsi allt að 8 árum. Skal það einkum metið refsingu til þyngingar, ef skjalið er notað sem opinbert skjal, viðskiptabréf eða erfðaskrá.“

Ákærði neitar sök, en játar að nokkru verknaðarlýsingu ákæru, eins og hér að framan hefur verið rakið.

2. Samkvæmt frásögn ákærða, sem stoð hefur í vætti vitna, þ. á m. yfirmanns ákærða, vitnisins A, en einnig D hjúkrunarfræðings, framvísaði ákærði fullgildum læknisvottorðum til Alcoa Fjarðaáls sf. vegna þess slyss sem hann hafði orðið fyrir í maímánuði 2019. Þá verður lagt til grundvallar að eftir að ákærði fluttist búferlum í júnímánuði nefnt ár, á höfuðborgarsvæðið, hafi hann, þann 7. júní, að fyrirlagi starfsmanna vinnuveitandans, Alcoa Fjarðaáls sf., lagt leið sína til B, og að hann hafi þá eftir lækni skoðun fengið í hendur það læknisvottorð sem vísað er til í ákæru. Samkvæmt framburði ákærða gerði hann sér strax grein fyrir að í vottorðinu hafði óvinnufærni hans verið skráð tímabundin, í 18 daga, þ.e. til 21. júní.

Samkvæmt frásögn ákærða var hann með læknisvottorðið á dvalarstað sínum umrætt sumar. Ákærði hefur jafnframt borið um að eftir að hann fékk vottorðið í hendur hafi honum verið kunnugt um að skrifað hefði verið með penna á vottorðið. Að því leyti þykir frásögn ákærða hafa nokkra stoð í vætti vitnisins C.

Óumdeilt er að ákærði var í rafrænum samskiptum við fyrrnefndan yfirmann sinn, vitnið A, síðsumars 2019. Liggur og fyrir að í samskiptum þeirra var vikið að forföllum ákærða frá vinnu, en einnig að því að launagreiðslur til ákærða höfðu þá lækkað talsvert. Loks er óumdeilt að ákærði nefndi í þessum samskiptum að hann hefði undir höndum læknisvottorð þar sem óvinnufærni hans hefði verið skráð til 21. ágúst nefnt ár.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við framburði vitna, en þá einnig í ljósi ofanlýstra atvika, er að mati dómsins nægjanlega sannað að ákærði hafi sent fyrrnefndum yfirmanni sínum umrætt vottorð með rafrænu skjali, og að þegar það gerðist hafi verið búið að breyta fyrrgreindri dagsetningu, líkt og nánar segir í ákæru.

Til þess er að líta að refsíákvæði um skjalafals byggjast m.a. á því að aðilar geti treyst falsleysi skjala sem fara þeirra í millum, enda sé þeim ætlað að hafa áhrif á ákvarðanir og þá til þess að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert.

Að ofangreindu virtu verður lagt til grundvallar að ákærði hafi sent hið breytta læknisvottorð í byrjun ágústmánaðar 2019, og að hann hafi á verknaðarstundu haft vitneskju um þá breytingu sem gerð hafði verið á dagsetningu þess. Það er niðurstaða dómsins að ákærði hafi í raun látið sér þetta atriði í léttu rúmi liggja, og að hann hafi í verki sýnt vilja til þess að hafa áhrif á ákvörðunartöku vinnuveitanda síns, og þar með að blekkja í lögskiptum.

Að öllu ofangreindu virtu þykir ákæruvaldið hafa sannað að ákærði hafi, með því að senda hið breytta læknisvottorð með rafrænum hætti, og nota það í lögskiptum, gerst

sekur um skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. að því leyti ákvæði 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008.

IV.

1. Ákærði, sem er fæddur árið . [...], hefur samkvæmt sakavottorði sakaskrár ríkisins áður gerst sekur um refsiverða háttsemi. Ákærði gekkst þannig í tvígang á árinu 2020 undir sáttargerðir lögreglustjóra vegna brota á umferðarlögum, þar á meðal í tvígang vegna fíkniefnaaksturs. Þá gekkst hann á nefndu ári undir sáttargjörð vegna brota á ávana- og fíkniefnalöggjöfinni.

2. Refsing ákærða þykir hæfilega ákvörðuð 60 daga fangelsi. Til þess er að líta að breyting virðist hafa orðið á lífi og viðhorfi ákærða að undanfögnu, sbr. framlagt vottorð meðferðaraðila þar um. Að þessu virtu, en einnig því að ákærði hefur eigi áður gerst sekur um hegningarlagabrot, sbr. og með hliðsjón af 78. gr. hegningarlaganna, þykir fært að fresta fullnustu refsingarinnar, þannig að hún falli niður að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

3. Í samræmi við niðurstöðu dómsins, sbr. ákvæði 235. gr. laga nr. 88/2008, ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað málsins. Er þar um að ræða málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Páls Kristjánssonar lögmanns, sem í ljósi umfangs og starfa þykjar hæfilega ákveðin 703.680 krónur, og er þá virðisaukaskattur meðtalinn. Einnig ber að dæma ákærða til að greiða ferða- og dvalarkostnað verjandans, að fjárhæð 76.185 krónur.

Fyrir uppkvaðningu dómsins var gætt ákvæða 184. gr. laga nr. 88/2008.

Af hálfu ákærvalds fór með málið Helgi Jensson aðstoðarsaksóknari.

Ólafur Ólafsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, X, sæti 60 daga fangelsi, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og falli hún niður að liðnum tveim árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.e. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Kristjánssonar lögmanns, 703.680 krónur, svo og ferða- og dvalarkostnað hans, að fjárhæð 76.185 krónur.